



## Börn á flóttu

**Lestu eftirfarandi sögu og svaraðu svo spurningum út frá henni:**

Alex er frá Sírylandi og er á sama aldri og þú. Alex hefur örugglega svipaða drauma og þú sem geta t.d. verið að standa sig vel í skólanum, eiga góða vini, eignast eitthvað dót eða tæki, standa sig vel í íþróttum eða jafnvel einhvern allt annan draum.

Alex lifði ósköp eðlilegu og góðu lífi þar til það brast út stríð í landinu sem Alex bjó í og neyddist þá til að flýja ásamt fjölda annarra til að verða ekki fyrir skaða. Við þá fóru vinir, ættingjar og nágrennar í mismunandi áttir til að flýja þetta ástand og vonast til að geta búið við öryggi á nýjum stað.

Alex horfði upp á sprengjur og skotárásir og sá nokkra deyja sem hann/hún/hán þekkti, m.a. tveir bekkjarfélagar, einn kennari og afabróðir. Alex veit ekki hvert fjölskyldan mun fara, hvort hann/hún/hán eigi eftir að sjá bestu vini sína aftur og hvort hann/hún/hán muni einhvern tímunn aftur búa í öruggu landi með húsaskjól, nægan mat að borða og fara aftur í skóla.

Alex er þakklát/t/ur að hafa foreldra sína og systkini hjá sér því margir úr skólanum horfðu upp á þegar foreldrar og/eða systkini þeirra voru skotin eða sprengd í loft upp. Hann/hún/hán saknar landsins síns, skólans, vinanna og ættingja og veit að lífið mun taka töluverðum breytingum. Það mun aldrei allt verða eins og það var áður.

- 1. Hvernig heldur þú að það sé að missa heimilið sitt og vita ekkert um það hvar þú munt búa?**

---

---

---

---

---

---

- 2. Ef þú þyrftir að flýja heimilið þitt, hvaða þrjá hluti myndir þú vilja taka með þér?**

1. \_\_\_\_\_

2. \_\_\_\_\_

3. \_\_\_\_\_



3. Ef þú værir á flóttu, hvað heldur þú að sé mikilvægast fyrir þig að hafa? Af hverju?

---

---

---

---

4. Hvernig heldur þú að það sé að sjá þegar einhver deyr í stríði?

---

---

---

---

5. Hvernig heldur þú að lífið þitt yrði ef þú sæir ekki aftur foreldra þína, systkini eða vini?

---

---

---

---

---

6. Hvernig heldur þú að þér myndi líða að flytja í annað land með annað tungumál, öðruvísi hitastig, siði, venjur og tungumál en þú þekkir?

---

---

---

---

---

7. Hvað telur þú að væri mikilvægast að gera fyrir þig ef þú værir á flóttu svo þér myndi líða sem best og finna fyrir öryggi?

---

---

---

---

---

---